



Reykjavík 16.08.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 15. ágúst 2018 varðandi eftirfarandi mál.


Vesturlandsvegur Hallar

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa dags. 10. ágúst 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulagsins Vesturlandsvegur Halla. Í breytingunni felst að felld er úr gildi 1000 fermetra lágmarksstærð einstakra verslana.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Visað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Harri Ormarsson

Fylgiskjal: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa dags. 10. ágúst 2018



Reykjavík, 10. ágúst 2018

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags

„Vesturlandsvegur - Hallar, atvinnusvæði“

sem samþykkt var í borgarráði þann 21. júní 2007.
Höfundur deiliskipulags er skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar.

Breytingin nær til allra lóða á svæðinu og felst í því að skilmálar vegna lágmarksstærðar einstakra verslana eru endurskoðaðir og þeir teknir út.

Upphaflegt deiliskipulag fyrir reitinn var samþykkt í borgarráði þann 23. nóvember 2006. Í deiliskipulagsbreytingu sem samþykkt var í borgarráði þann 21. júní 2007 var lóðum skipt upp í fleiri minni lóðir en lágmarksstærð einstakra verslana (1000 fm) var ekki breytt og er því ekki í samræmi við nýja byggingarreiti. **Texti sem breytist er feitletraður.**

Texti gildandi skilmála:

Á svæði 9.1d er gert ráð fyrir átta misstórum lóðum þar sem áður var gert ráð fyrir tveimur lóðum. Lóðirnar eru merktar í deiliskipulaginu frá 9.1d.1 – 9.1d.8. Á svæði merkt 9.1a er gert ráð fyrir þremur misstórum lóðum. Lóðirnar eru merktar í deiliskipulaginu frá 9.1a.1 – 9.1a.3. Starfsemi á lóðunum skal vera í samræmi við áðurnefnda skilgreiningu í aðalskipulagi og í þróunaráætlun Mosfellsbæjar og Reykjavíkur. **Ekki skal vera matvöruverslun á svæðinu og skal lágmarksstærð einstakra verslana vera minnst 1000 fm af gólfplatarmáli verslunarhúsnæðis.**

Tillaga að breyttum texta í skilmálum:

Á svæði 9.1d er gert ráð fyrir átta misstórum lóðum þar sem áður var gert ráð fyrir tveimur lóðum. Lóðirnar eru merktar í deiliskipulaginu frá 9.1d.1 – 9.1d.8. Á svæði merkt 9.1a er gert ráð fyrir þremur misstórum lóðum. Lóðirnar eru merktar í deiliskipulaginu frá 9.1a.1 – 9.1a.3. Starfsemi á lóðunum skal vera í samræmi við áðurnefnda skilgreiningu í aðalskipulagi og í þróunaráætlun Mosfellsbæjar og Reykjavíkur. **Ekki skal vera matvöruverslun á svæðinu.**

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á

_____ þann _____ 20__.

Tillagan var grenndarkynnt frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.



Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags

„Vesturlandsvegur - Hallar, atvinnusvæði“

sem samþykkt var í borgarráði þann 21. júní 2007.
Höfundur deiliskipulags er skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar.

Breytingin nær til allra lóða á svæðinu og felst í því að skilmálar vegna lágmarksstærðar einstakra verslana eru endurskoðaðir og þeir teknir út.

Upphaflegt deiliskipulag fyrir reitinn var samþykkt í borgarráði þann 23. nóvember 2006. Í deiliskipulagsbreytingu sem samþykkt var í borgarráði þann 21. júní 2007 var lóðum skipt upp í fleiri minni lóðir en lágmarksstærð einstakra verslana (1000 fm) var ekki breytt og er því ekki í samræmi við nýja byggingarreiti. **Texti sem breytist er feitletraður.**

Texti gildandi skilmála:

Á svæði 9.1d er gert ráð fyrir átta misstórum lóðum þar sem áður var gert ráð fyrir tveimur lóðum. Lóðirnar eru merktar í deiliskipulaginu frá 9.1d.1 – 9.1d.8. Á svæði merkt 9.1a er gert ráð fyrir þremur misstórum lóðum. Lóðirnar eru merktar í deiliskipulaginu frá 9.1a.1 – 9.1a.3. Starfsemi á lóðunum skal vera í samræmi við áðurnefnda skilgreiningu í aðalskipulagi og í þróunaráætlun Mosfellsbæjar og Reykjavíkur. **Ekki skal vera matvöruverslun á svæðinu og skal lágmarksstærð einstakra verslana vera minnst 1000 fm af gólfplatarmáli verslunarhúsnæðis.**

Tillaga að breyttum texta í skilmálum:

Á svæði 9.1d er gert ráð fyrir átta misstórum lóðum þar sem áður var gert ráð fyrir tveimur lóðum. Lóðirnar eru merktar í deiliskipulaginu frá 9.1d.1 – 9.1d.8. Á svæði merkt 9.1a er gert ráð fyrir þremur misstórum lóðum. Lóðirnar eru merktar í deiliskipulaginu frá 9.1a.1 – 9.1a.3. Starfsemi á lóðunum skal vera í samræmi við áðurnefnda skilgreiningu í aðalskipulagi og í þróunaráætlun Mosfellsbæjar og Reykjavíkur. **Ekki skal vera matvöruverslun á svæðinu.**

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á

_____ þann _____ 20__.

Tillagan var grenndarkynnt frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.